

Nd.

351. Nefndarálit

[93. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir og ferjuskipi.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur tekið þetta mál til athugunar og afgreiðslu. Vilhjálmur Hjálmarsson, Þórarinn Þórarinsson, Gylfi Þ. Gíslason og Matthías Á. Mathiesen leggja til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að ríkisstjórninni verði einnig heimilað að ábyrgjast lán til kaupa á skipi til flutninga fyrir Vestmannaeyjar, og flytur formaður nefndarinnar breytingartillögu þar um. Hafa aðrir nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til hennar.

Gylfi Þ. Gíslason, Matthías Á. Mathiesen, Karvel Pálmason og Matthías Bjarnason gagnrýna þá málsmeðferð að fella saman í eitt frumvarp tvö óskyld atriði, þ. e. ábyrgðarheimildir vegna kaupa á fiskiskipum annars vegar og á ferjuskipum hins vegar.

Karvel Pálmason og Matthías Bjarnason eru efnislega andvígir þeirri breytingu, sem gerð var á frumvarpinu í efri deild, en styðja málið, eins og það var upphaflega lagt fyrir Alþingi.

Einn nefndarmanna, Gils Guðmundsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 5. febr. 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
form., frsm.

Matthías Á. Mathiesen,
með fyrirvara.

Þórarinn Þórarinsson,

Karvel Pálmason,
með fyrirvara.

Gylfi Þ. Gíslason,
með fyrirvara.

Matthías Bjarnason,
með fyrirvara.